

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdísi Sif Sigurðardóttur, bæjarritara
Dags. 16. janúar 2019
Mnr. 2018050091



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Tillaga að skipan fulltrúa í öldungaráði

Á 860. fundi bæjarráðs sem haldinn var 26. nóvember sl. var lagt fram minnisblað frá sviðstjóra velferðarsviðs þar sem óskað er eftir breytingu á skipan í öldungaráð með vísan til breytinga á samþykktum fyrir öldungaráð Ísafjarðarbæjar og breytinga á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Óskað er eftir að skipaður verði einn aðalfulltrúi og tveir varafulltrúar, þannig að ákvæðum 2. mgr. 38. gr. laganna verði uppfyllt af hálfu Ísafjarðarbæjar.

Á fundinum fól bæjarráð bæjarstjóra að gera tillögu að skipun fulltrúa Ísafjarðarbæjar í öldungaráð.

Undirrituð leggur til f.h. bæjarstjóra að eftirfarandi aðilar verði skipaðir fulltrúar af Ísafjarðarbæ:

- Jóhanna Ásgeirsdóttir, Seljalandsvegi 18, Ísafirði, sem aðalfulltrúi
- Guðmundur Einarsson, Hafnarstræti 19, Ísafirði, sem varafulltrúi
- Karítas Pálsdóttir, Hjallavegi 5, Ísafirði, sem varafulltrúi

Virðingarfyllst,
Þórdís Sif Sigurðardóttir